

HULA - byggðasamlag um sorpmeðferð  
Austurvegi 17  
870 Vík

Reykjavík, 25. október 2021  
UST202103-119/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Hulu**

Þann 5. október sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað byggðasamlagsins Hulu á Skógasandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Ein ábending var gerð í eftirlitinu og tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 5.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum voru ekki fullnægjandi.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi, sbr. ákvæði um skyldur rekstraraðila í 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Árið 2020 voru urðuð 522 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum sem er umfram heimild starfsleyfis.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. nóvember 2021.**

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Steinunn Karlsdóttir